

Ritunarverkefni sem eflir **HLJÓÐAVITUND**

Aldurshópur

Nemendur á fyrstu stigum lestrarnáms.

Um verkefnið

Hljóðavitundin er efsta stig hljóðkerfisvitundarinnar og forsenda þess að nemandi geti tileinkað sér hljóð bókstafa af öryggi og tengt þau við rétt tákni. Flest börn eru fljót að greina mun milli hljóða í tungumálinu en þau sem eru með undirliggjandi vanda geta átt í erfiðleikum með að greina hljóð hljóðlíkra bókstafa og/eða útlit líkra bókstafa. Það er mikilvægt að þjálfast lestur og ritun til jafns frá upphafi lestrarnáms en þetta litla verkefni getur gagnast byrjendum í lestri og þeim börnum sem þurfa að fá meiri þjálfun og tíma til að ná tökum á undirstöðuatriðum í lestri og ritun.

Verkefnið er hægt að vinna með litlum hópi nemenda í skólanum en einnig má setja það í hendur lestrarþjálfara sem hluta af lestrarþjálfun heima.

Markmið

- Að þjálfast ritun til jafns við lestur á fyrstu stigum lestrarnáms.
- Að efla sjálfvirkni tenginga bókstafa og hljóða í gegnum ritun.
- Að auka öryggi við stafadrátt.
- Að nýta ritun til náms.

Gögn

- Stílabók og skriffæri
- Lýsing á verkefni til að senda heim
- Yfirlit yfir stafadrátt

Til athugunar

Þegar stafadráttur og tenging bókstafa og hljóða er orðin örugg er mikilvægt að byrja að nota þessa nýfengnu kunnáttu á merkingarbæran og skapandi hátt. Hana má nota til að skrifa lista, stutt skilaboð á miða eða í síma, tölvupóst eða kveðju í kort og innkaupalista svo dæmi séu tekin.

Ritunarverkefni sem eflir hljóðavitund


Til lestrarþjálfara

Það er mikilvægt að þjálfarar lestur og ritun til jafns frá upphafi lestrarnáms en þetta litla verkefni getur gagnast byrjendum í lestri og þeim börnum sem þurfa að fá meiri þjálfun og tíma til að ná tökum á undirstöðuatriðum í lestri og ritun.



1. Lestrarþjálfari velur eina málsgrein úr heimalestrarbók og les hana upphátt. Við val á málsgrein er gott að hafa eftirfarandi í huga:
 - Málsgreinin á að jafnaði ekki að vera styttri en fimm orð.
 - Gott er að velja málsgrein með orði sem vafðist fyrir barninu við lestur og þá þarf e.t.v. að stytta málsgreinina aðeins.
2. Unnið er með eitt orð í einu. Lestrarþjálfarinn segir orðið, hægt og rólega með skýrum framburði. Barnið hljóðar sig í gegnum orðið og segir lestrarþjálfaranum hversu mörg hljóð eru í því (gott að telja á fingrum). Sum orð geta strítt manni dálítið þar sem framburður orðsins og ritháttur (hvernig það er skrifað) fer ekki saman. Gott dæmi um það eru orð eins og *langar*, *mega* eða *segir* og þá er gott að spjalla dálítið um það. Það er gott að fá að vita snemma í lestrarnáminu að orð eru stundum skrifuð öðruvísi en þau er borin fram.



3. Barnið skráir orðið niður. Ef það gleymir hljóði eða velur rangt hljóð er það minnt á og gefinn upp réttur fjöldi hljóða í orði með því að sýna jafn marga fingur. Einnig getur verið gott að setja strik á línu í stílabókinni fyrir hvert hljóð í orðinu því þá er svo auðvelt að sjá hvort hljóð vantar (dæmi: _ _ _ _ fyrir orðið róla). Þá er gott að skrifa orðið upp tvisvar til þrisvar til að auka öryggið við ritun þess.
4. Málsgreinin öll unnin með þessum hætti og síðan lesin upphátt af barninu. 

Aðeins um vinnubrögð

- Minnið barnið á að halda rétt á blýantinum en rangt grip getur valdið erfiðleikum við stafadrátt og verið þreytandi.
- Gætið þess að barnið dragi rétt til stafs (sjá yfirlit yfir stafadrátt á baksíðu verkefnisins). Öryggi við að draga rétt til stafs hjálpar barninu að ná tökum á sjálfvirkri tengingu milli bókstafs og hljóðs.
- Málsgrein byrjar á stórum staf og endar á punkti.
- Leggið áherslu á læsilega skrift þótt hún þurfi ekki að vera fullkomin.
- Hrósið því sem vel er gert, t.d. þegar barnið leggur sig fram og sýnir þrautseigju.



